

**Kennsluáætlun haustönn 2019**

**Samfélagsfræði 7. bekkur**

Í samfélagsfræði í 7.bekk eru 3 kennslustundir á viku. Kennrarar eru Elsa Sigrún Elísdóttir og Dagný Elísdóttir.

**Vinnulag**

Í kennslustundum í samfélagsfræði er lögð áhersla á samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt og sögu .Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Lítið er um heimanám í samfélagsfræði en foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum.

Staða í námi er metin út frá virkni nemenda í tímum ásamt verkefnavinnu.

**Vinnuáætlun**

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Landafundirnir Víkingatíminn	Leifur Eiríksson Á ferð með Leifi heppna Lesbók og ýmis verkefni tekin af Netinu.	<b>Nemandi getur</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.</li><li>• greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.</li><li>• velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótað af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum</li><li>• gert sér grein fyrir lífsháttum Íslendinga á víkingatímanum.</li></ul>	Plakat um víkingatímann og landafundina

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina þar sem fyllt er inn á hæfnikort nemenda í Mentor. Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvívar í vetur, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir og Dagný Elísdóttir